

Nd.

286. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu ntan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá meiri hlnta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir [ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Minni hluti nefndarinnar vill fella frumvarpið, en telur að nauðsyn beri að breyta lögnum í þá átt, að síður sje hægt að misbrúka þau. Meiri hlnti nefndarinnar er hinsvegar þeirrar skoðunar, að tæpast muni vera mögulegt að gera þessi lög svo úr

garði, að ekki sje unt að misbrúka þau, og leggur þess vegna til, að frumv. verði samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar telur líka, að þær breytingar á kosningalög-
unnum, sem háttv. Nd. hefir nú samþykkt, geri mönnum yfir höfnð það auðvelt
að nota kosningarrjett sinn, að nú sje miklu síður ástæða til þess að heimila
heimakosningar. Það mun hvort sem er ekki mögulegt að gera kosningalögin
þannig úr garði, að öllum kjósendum verði undir öllum kringumstæðum mögu-
legt að nota kosningarrjett sinn, svo hætt er við, að litið sje með heimakosning-
num nnnið, en hins vegar allmikil hætt á, að þan yrðn misnotnð, fengju þau
að standa.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
formaður.

Jörundur Brynjólfsson,
framsögum.

Bernh. Stefánsson.

Jón Baldvinsson,
með fyrirvara.